

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 5. apríl 2017 breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 2. mars 2017.

Í breytingunni er gert ráð fyrir allt að 9,9 MW vatnsfallsvirkjun með 8,6 ha miðlunarlóni í landi Brúar. Skilgreind eru ný iðnaðarsvæði, I6 fyrir stöðvarhús og I7 fyrir stíflu. Vatnsverndarsvæði norðan stíflu og fristundasvæði F105 eru minnkuð. Gert er ráð fyrir fjórum nýjum efnistökusvæðum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 5. apríl 2017.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 26. apríl 2017